

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 19. júní 2018  
UST201805-367/B.S.  
10.05.03

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vestfjarðavegur – Bíldudalsvegur. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða vegagerð á um 60 km löngum kafla. Svæðið sem vegurinn mun liggja um er mjög fjölbreytt og eru þar á meðal tvö svæði sem friðlýst eru, þ.e. Vatnsfjörður og Dynjandi ásamt næsta nágrenni. Ljóst er að erfitt mun reynast að gera öllum til hæfis þar sem um svo mikla vegagerð er á jafn fjölbreyttu svæði er um að ræða.

Engin af þeim veglínunum sem lögð hefur verið fram mun verða óumdeild og á það sérstaklega við um vegagerð í Vatnsfirði og í Dynjandisvogi.

Umhverfisstofnun telur að gera ætti grein fyrir hvort unnt sé að þvera ár ofan við ósa þannig að samhengi ánnu raskist síður. Einnig mætti kanna hvort unnt sé að koma vegum fyrir sem næst fjörum án þess að leggja veg um sjálfar fjörurnar og draga með þeim hætti úr áhrifum framkvæmdarinnar á landslag.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að skoða jarðgangakosti á Dynjandisheiði sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir að efni úr göngum nýtist jafnharðan í vegfyllingar. Gera ætti grein fyrir því að ef ekki komi til jarðgangagerðar samhliða veglagningu hvort jarðgöng verði áfram valkostur og þá hvernig efni úr göngunum verði fyrirkomið ef að byggingu þeirra verður síðar.

Umhverfisstofnun telur að þar sem vegstæði er ákvarðað vegna fornminja ætti að gera grein fyrir hvort verndargildi minjanna sé slíkt að ekki megi raska þeim að undangenginni rannsókn og draga með þeim hætti úr öðrum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun telur að Vegerðin eigi að hafa ákveðna skoðun á meðferð aflagðra vega sérstaklega þar sem um styttri kafla er að ræða.

**Vatnsfjörður:** Helstu álitamál varðandi vegagerð á þessu svæði snúa annars vegar að þverun fjarðarins og hins vegar veglagningu við Flókalund milli stöðva 3700 og 6000.

Hér þarf að mati Umhverfisstofnunar að skoða veglínunni sem væri framhald veglínunni A3 sem endar við tjaldstæði að stöð 6000 í veglínunni F og hvort unnt verði á einhvern hátt að komast hjá vandkvæðum vegna langhalla á þessari leið. Einnig ætti að gera grein fyrir hvaða möguleikar felast í lækkun hámarkshraða á þessum kafla. Umhverfisstofnun telur að óheppilegt sé að vegtenging Barðastrandarvegar og Vestfjarðavegar verði staðsett við

ósa Pennu því þar yrðu talsverðar fyllingar í sjó og vegamót. Gera ætti sérstaklega grein fyrir sjónrænum áhrifum þessa mannvirkis og áhrif þess á leirur í samanburði við þverun Vatnsfjarðar. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort kjarrlendi vestan Pennu hafi sérsakt verndargildi sem vistkerfi og ef vegur verði lagður um þetta svæði hvort unnt verði að endurheimta kjarrlendið að nýju á vegsvæðinu og vegfláum.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvort unnt verði að koma vegi fyrir á núverandi svæði við Flókalund ef önnur mannvirki víkja að einhverju leyti.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvort af efnistöku verði í sjálfum Vatnsfirði ef vegur verði lagður skv. veglínu A2. Jákvætt er að Vegerðin ræðst ekki í rannsóknir á námum sem fela í sér rask fyrir en framkvæmndin hefur verið nánar skilgreind. Einnig verði gerð grein fyrir hvort unnt verði að draga aðeins úr umfangi mannvirkis á þessu svæði miðað við nýjan veg við Uppsali, án þess að fórnað verði að öðru leyti kröfum um vegferla.

Ef ekki verður af þverun fjarðarins og vegur lagður vestan Pennu skv. veglínu A2 verður þá til umframefni úr skeringum í Pennudal og ef svo er hvernig verður því efni komið fyrir. Umhverfisstofnun telur að áhrif þverana á lífríki sé nú orðið nokkuð þekkt. Helst kæmi til álita setmyndun við fyllingar. Gera ætti grein rækilega grein fyrir sjónrænum áhrifum þverunarinnar og hvort unnt verði að koma norðurenda þverunarinnar fyrir austan Pennu, þ.e. á núverandi vegi.


**Dynjandisvogur** Umhverfisstofnun telur að leita eigi allra leiða til að draga úr áhrifum veglagningar á landslag ofan Búðavíkur á þann hátt að minnka skeringar og fylgja núverandi vegi betur að hluta eða að öllu leyti. Einnig ætti að kanna hvort unnt sé að leggja nýjan veg á mörkum fjalls og fjöru í Búðahlíð draga úr raski á fjöru og reyna með þeim hætti að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.


**Bíldudalsvegur** Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt sé að froðast að leggja veg yfir ósa og í fjörum á þessari leið. Einnig ætti að leggja áherslu á að velja veginum stað þar sem hann fellur best að landi og verður minnst sýnilegur sérstaklega þar sem vegurinn liggur nærri óbyggðum svæðum.

**Dynjandisheiði** Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við veglínur á sjálfri heiðinni en telur að skoða eigi jarðgangakosti og þá möguleika sem fyrir hendi eru til að stytta leiðina og færa veginn fyrir lægra í landi en gert er ráð fyrir, sbr. t.d. athugasemd Sigurðar Hreinssonar.

Umhverfisstofnun telur að áherslur sem verða í frummatsskýrslu og umfjöllun um umhverfisþætti í frummatsskýrslu taki til þeirra atriða sem mestu máli skipta.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri